



Lokaritgerð til BA-gráðu í stjórnmálafræði

„En eigi sem hornrekur þeirra“

Megindleg rannsókn á kynjahalla á Þjóðþingum og skýrandi
þáttum hans

Hans Marteinn Helgason

Febrúar 2019



HÁSKÓLI ÍSLANDS
STJÓRN MÁLAFRÆÐI DEILD



„En eigi sem hornrekur þeirra“

Megindleg rannsókn á kynjahalla á þjóðþingum og skýrandi þáttum hans

Hans Marteinn Helgason

Lokaritgerð til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Leiðbeinandi: Agnar Freyr Helgason

Stjórnmálafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Febrúar 2019



HÁSKÓLI ÍSLANDS

„En eigi sem hornrekur þeirra“:
Meginleg rannsókn á kynjahalla á Þjóðþingum og skýrandi þáttum
hans

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði.
Óheimilt er að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Hans Marteinn Helgason, 2019
1810933589

Reykjavík, Ísland, 2019

Útdráttur

Meginmarkmið þessarar ritgerðar er að svara eftirfarandi rannsóknarspurningu: Hafa félags-
hagfræðilegir þættir sem einkenna þróuð ríki áhrif á hlutföll kvenna á þjóðþingum? Munum
við skoða sambandið á milli þeirra þátta sem við teljum einkenna þróuð ríki og hlutfall kvenna
á þjóðþingum þeirra, út frá bæði félagshagfræðilegum og kerfisbundnum þáttum. Fylgni
þessara þátta er reiknuð út frá hlutfalli kvenna á viðeigandi þingum með notkun
aðhvarfsgreiningar og niðurstaðan greind. Einnig er litið yfir þróun sögu kvenna á Alþingi og
sívaxandi hlutverk þeirra á þingi með niðurstöður fyrri greiningar í huga. Niðurstaða
alþjóðasamanburðarins er sú að það sé ekki fylgni á milli efnahagslegrar velmegunar ríkja og
tilhneigingu þeirra til þess að frekar kjósa kvenkyns þingmenn frekar en fátækari ríki. Hins
vegar eru vísbendingar um að samband sé á milli jafnri skiptingu lífsgæða kynjanna og
tilhneigingu ríkja til þess að kjósa frekar kvenkyns þingmenn. Jákvætt samband er bæði á milli
notkun hlutfallskosningakerfis og kynjakvóta annars vegar og hins vegar tilhneigingu ríkja til
þess að kjósa frekar kvenkyns þingmenn, en fyrri rit höfðu einnig komist að þeirri niðurstöðu
(Rosen 2013, Krook 2010, Wängnerud 2009).

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni til B.A. gráðu við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands og er metið til 12 eininga (ECTS) af 180 grunnnámi stjórn málafræðideildar. Áhugi minn á að rannsaka samband félagshagfræðilegra aðstæðna ríkja og hlutföll kvenkyns þingmanna á þjóðþingum þeirra vaknaði þegar ég ákvað að gera svipaða en smækkaða útgáfu af þessari rannsókn í áfanga snemma á námsferli mínum. Við skilum á því verkefni fann ég þörf á að gera þessa rannsókn „almennilega“, en þá hafði ég ekki þau áhöld og úrræði sem ég tileinkaði mér síðar í námsferli mínum í stjórn málafræði. Ég hafði áhuga á því hvort hægt væri að mögulega væri hægt að greina mynstur í umboði kvenna á þjóðþingum heimsins út frá staðarháttum og hvort hægt væri að spá fyrir gengi þeirra í komandi kosningum.

Ritgerð þessi er rituð undir leiðsögn Agnars Freys Helgasonar, nýdöktors í stjórn málafræði við Háskóla Íslands. Vil ég þakka honum innilega fyrir aðstoð hans, ráðleggingar og þá hvatningu sem hann veitti mér á meðan þessi ritgerð var skrifuð. Einnig vil ég þakka móður minni, Þóru Jónsdóttir, fyrir stuðning hennar við gerð þessarar ritgerðar sem og yfir námsferill minn. Hún hvatti mig til þess að gera betur en að einungis moðast í gegnum námið og trúði á mig þegar mitt eigið sjálfstraust fór þverrandi og vandamálin virtust óyfistíganleg. Faðir minn, Helgi Hansson, fær einnig þakkir fyrir yfirferð á þessari ritgerð.

Titill ritgerðar er vísun í fréttáflutning tímaritsins *19. júní* um Alþingiskosningarnar sem fóru fram 1922 og kosningu Ingibjargar H. Bjarnason til þingsetu (19. júní 1922).

„...Time is the fire in which we burn.“

-Delmore Schwartz, Calmly We Walk through This April's Day

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Formáli	4
Töfluskra	6
Myndaskra	6
1 Inngangur	7
2 Fyrri rannsóknir og kenningarleg umfjöllun	9
2.1 Fyrri rit	10
2.2 Stjórnmalastofnanabundnir þættir	12
2.3 Félagshagfræðilegir þættir	16
3 Aðferðafræði	18
3.1 Aðgerðabinding fyrir alþjóðlega samanburðarrannsókn	18
4 Samanburðarrannsókn	21
4.1 Tölfræðileg greining á tilgátum	22
4.1.1 Áhrif stjórnmalastofnanabundna þátta	22
4.1.2 Áhrif félagshagfræðilega þátta	22
4.1.3 Samanlagt líkan	23
4.2 Niðurbrot eftir þróunarstöðu ríkja	24
4.2.1 Áhrif frumbreytna í vanþróuðustu ríkjunum	25
4.2.2 Áhrif frumbreytna í þróuðustu ríkjunum	25
5 Umræður	26
5.1 Yfirlit um þróunina á Íslandi frá lýðveldisstofnun	28
6 Lokaorð	31
Heimildaskra	33

Töfluskra

Tafla 1. Tölfræðilegi lýsing á frumbreytum	20
Tafla 2. Niðurstöður aðhvarfsgreiningar eftir líkönum.	22
Tafla 3. Yfirlit yfir Alþingiskosningar	28

Myndaskra

Mynd 1. Dreifing fylgibreytunnar	21
--	----

1 Inngangur

Árið 1922 var Ingibjörg H. Bjarnason fyrst kvenna til þess að vera kosin á Alþingi. Bauð hún sig fyrst fram fyrir Kvinnalistann en söðlaði seinna um og bauð sig fram fyrir Íhaldsflokkinn og eftirfara hans, Sjálfstæðisflokkinn seinni. Konur 40 ára og eldri höfðu fengið kosningarétt sjö árum fyrr, 1915, með breytingu á 17. grein stjórnarskrárinnar, en fimm árum seinna, 1920, fengu konur jafnan kosningarétt á við karla. Þessar kosningaréttis-aukningar voru hluti af bylgju málefna og frumvarpa sem sneru að réttindaleysi kvenna gagnvart körlum. Síðan þá hafa 115 konur starfað sem þingmenn á Alþingi. Í dag eru 24 konur á Alþingi og eru því 38,1% þingmanna kvenkyns.

Þrátt fyrir að hafa fengið kosningaréttinn snemma á tuttugustu öldinni, tryggði það þó ekki konum að rödd þeirra myndi heyrast jafnvel á Alþingi og raddir karla. Á þeim rúmlega sex áratugum sem fylgdu jafngildum kosningarétti kvenna voru konur einungis örsmátt hlutfall þingmanna og voru aldrei fleiri en 3 (Hagstofan 2018b). Því er augljóst að jafngildur kosningaréttur veitir konum ekki sjálfkrafa aðgang að valdastofnunum þjóðarinnar. Við upphaf níunda áratugarins má þó greina ákveðnar breytingar. Vigdís Finnbogadóttir var kosin forseti Íslands¹ árið 1980 og 1983 bauð Kvinnalistinn sig fram í fyrsta sinn í Alþingiskosningum, en hann hafði áður fyrr boðið fram í sveitarstjórnarkosningum í Reykjavík og Akureyri. Úrslitin úr þeim Alþingiskosningum voru að níu konur voru kjörnar inn á þing, sex fleiri en á síðasta þingi. Við aldarmótin voru konur síðan meira en þriðjungur Alþingis og tíu árum síðar varð Jóhanna Sigurðardóttir fyrsta konan til þess að taka við embætti forsætisráðherra. Síðan þá hafa konur verið u.þ.b. 35-50% þingmanna. En hæðst náði hlutfallið í Alþingiskosningunum 2016 eða 47.62% (sjá töflu 3)

Þessi þróun á íslenska þinginu er þá líklega ein af mörgum árangurssögum kvenna varðandi pólitískra áhrifa þeirra, en núverandi þing Íslendinga er í 21. sæti á lista IPU-samtakanna yfir kynjahalla á þjóðþingi af 194. Meðalhlutdeild kvenna á þjóðþingum heimsins eru tæplega 22% en það ríki sem er með hlutfallslega flesta kvenkyns þingmenn er Rúanda með 61,25% umboð kvenna og fjögur ríki eru síðan hinu megin á listanum með enga kvenkyns þingmenn² (Inter-Parliamentary Union 2018). Mikil fjölbreytni er í toppsætum listans, en þar má finna þróuð iðnríki eins og Svíþjóð og Noreg, þróunarríki eins og Bólívíu og Namibíu og jafnvel

¹ Þó með einungis 33.8% atkvæða

² Jemen, Vanúatú, Papúa Nýja-Gínea og Mikrónesía.

kommúnistaríkið Kúbu. Því má spyrja sig: Er nokkuð fylgi á milli efnahagslegrar velmegunar ríkja og tilhneigingu til þess að kjósa fleiri konur inn á þing?

Tilgangur þessarar ritgerðar er að skoða hversu háa rödd konur hafa á þjóðþingum heimsins, þ.e. hversu hátt hlutfall þingmanna eru kvenkyns, og hvaða áhrif utanaðkomandi þættir hafa á það hversu margar konur komast á þing. Mikilli athygli verður varið í sérstaklega í að skoða muninn á þróuðum ríkjum og þróunarríkjum og hvort að þróuð ríki og félagshagfræðileg einkenni þeirra séu skilvirkari að koma konum inn á þing. Rannsóknarsnið ritgerðarinnar einkennist af meginlegri rannsókn á sambandinu milli hlutfalls kvenna á þjóðþingum heimsins og ýmissa félagshagfræðilegra þátta sem og kerfisbundinna þætti, eins og gerð kosningakerfis og notkun lögbundinna kynjakvóta. Samtímis verður borin saman áhrif þessara þátta innan mismunandi tegunda ríkja, þ.e. á milli þróaðra ríkja og vanþróuðustu ríkjanna. Einnig munum við fara yfir sögulega þróun umboðs kvenna á Alþingi Íslands og helstu breytingar innan þess.

2 Fyrri rannsóknir og kenningarleg umfjöllun

Í þessum kafla munum við skoða fyrri ritverk sem hafa fjallað um hefðbundna samfélagsþætti og áhrif þeirra á hlutföll kvenna á þjóðþing heimsins. Ekki verður þó hægt að taka fram umfjöllum frá öllum sjónarhornum, og mun þessi umræða helst einskorða sig við stjórnmalalegar rætur málsins og tengd málefnisins (eins og t.d. efnahagur og stofnanabundnir þættir).

Fyrst verðum við þó að velta fyrir okkur hvort að umboð kvenna á þingi sé í raun mikilvægt. Hvers vegna töldu kvenskörungur og femínistar um heim allan, þar á meðal á Íslandi, að það væri mikilvægt að berjast fyrir auknum réttindum kvenna við upphaf síðustu aldar? Að vissu leyti snerist baráttan um að jafna stöðu kvenna, sem stóðu höllum fæti miðað við karlkyns jafningja þeirra. En barátta kvenna til þess að láta rödd sína heyrast og sjá beiðnir sínar virtar af embættismönnum á sér tvískipta ástæðu.

Í fyrsta lagi geta konur betur séð um hagsmuni sína og myndað betur samfélag samkvæmt hagsmunum sínum ef vilja þeirra fylgir lýðræðislegri tilskipun, þ.e. atkvæði og styrkur á þingi. Bestu verndarar hagsmunahópa eru oftast en ekki hagsmunahóparnir sjálfir og með eflingu þeirra í lýðræðiskerfum, t.d. með því að veita þeim kosningarétt, geta þeir betur varið sína hagsmuni.

Í öðru lagi er það einnig samfélaginu til bóta ef sá hópur sem tekur ákvarðanir sé sem fjölbreyttastur og með sem mestu og víðustu lífsreynslu. Hélène Landemore staðhæfir í bókinni *Collective Wisdom: Principles and Mechanisms* að stærri hópar, ef meðlimir hans eru þokkalega greindir og fjölbreyttir, hafi meiri þekkingarlega getu heldur en smáir hópar af mjög gáfuðum en fámennum hópum (Landemore 2012, 252). Emmeline Pankhurst lýsir báðum þessum sjónarhornum í ræðu sinni um þjáningu kvenna:

„Karlkyns stjórnmalamenn eru vanir því að tala við konur eins og ef engin vandamál komu til greina sem hafa áhrif á konur. ‘Staðreyndin er sú,’ segja þeir, ‘að heimilið er staðurinn fyrir konur. Hagsmunir þeirra eru uppeldi og menntun barna. Þetta eru málefni sem konur hafa áhuga á. Stjórnmal hafa ekkert með þessi málefni að gera og því ættu stjórnmal að angra konur.’ Eigi að síður ákvarða lögin hvernig konur eiga að haga sér í hjónabandi, hvernig börn þeirra eru menntuð og hvaða framtíð bíður barna þeirra. Allt þetta er ákveðið af landslögum! [...] Ég spyr ykkur konur hér í kvöld, ef konur hefðu hlutdeild í gerð laga, haldið þið ekki að þeir myndu hafa fundið leið til að gera öllum feðrum slíkra barna jafnan ábyrgðar með mæðrum fyrir velferð þessara barna?“ (MacArthur 2012, þýðing mín)

Í þessari ræðu, sem hún hélt 24. mars 1908 í London, undirstrikar hún að ósanngjarnt kerfi hafi myndast í kringum konur vegna raddleysis þeirra á stjórn málasviðinu, og að þetta kerfi bitni einnig á körlunum í því samfélagi.

Eitt af því sem við verðum helst að vera meðvituð um við skoðun þessara þátta er að áhrif þeirra eru endurvarp ákvarðana fyrri kynslóða sem óma enn í dag. Þegar konur berjast fyrir auknu hlutfalli í ákvörðunarsviði samfélagsins berjast þær ekki einungis við heftandi áhrif nútíðarinnar, heldur einnig drauga fortíðarinnar. Þáttum eins og menningu og efnahagslegum gæðum er ekki hægt að breyta á svipstundu, að minnsta kosti ekki án alvarlegra afleiðinga. Karl Marx lýsir þessu ástandi líklega best í ritgerð sinni *18. Brúmeru Loðvíks Napóleons*, sem fjallaði um misheppnuðu Febrúarbyltinguna 1848 í Frakklandi og eftirfarandi valdaráni franska forsetans Napóleon III:

„Menn skapa sína eigin sögu, en þeir gera það ekki eins og þeim þóknast; þeir gera það ekki undir sjálfvöldum aðstæðum, en við heldur við þær aðstæður sem þegar eru fyrir hendi, gefnar og miðlaðar frá fortíðinni. Hefð allra dauða kynslóða vega eins og martröð á heilum þeirra sem lifa.“ (Marx 2009, 1)

Eða með öðrum orðum, samfélag dagsins í dag er myndað úr leifum samfélag gærdagsins. Kynjahallinn í dag er bein afleiðing kynjahalla gærdagsins, eða í þessu tilviki síðustu þúsaldir. Ekki verður hægt að afmá þau áhrif sem yfirráð karla, og meðfylgjandi skortur kvenna á fjármagni, völdum eða einfaldlega efnislegu sjálfstæði, á stjórn málasviðinu þar til u.þ.b. aldamótin 1900 og lengra. Munu þau því eflaust vega þungt í þessari greiningu.

2.1 Fyrri rit

Í kenningarkafli þessarar ritgerðar verður helst stuðst við fjórar greinar: „Women’s Representation in Parliament: A Qualitative Comparative Analysis“ eftir Mona Lena Krook, „The Effects of Political Institutions on Women’s Political Representation: A Comparative Analysis of 168 Countries from 1992 to 2010“ eftir Jennifer Rosen, „Kynjaskekkja í stjórn málum: Breytingar og áhrifaþættir“ eftir Þorgerði Einarsdóttir og Guðbjörg Lilju Hjartardóttir og „Women in Parliaments: Descriptive and Substantive Representation“ eftir Lenu Wängnerud.

Byrjað verður að fjalla um grein Rosen, þar sem formgerð greinar hennar er sem næst þessari ritgerð hvað varðar áherslu á stofnana- og félagshagfræðilega þætti og í

rannsóknarsniði. Grein hennar byggist á meginlegri rannsókn á áhrifum ákveðinna félagshagfræðilega, stjórnmálalegra og menningarlega þátta á hlutfall kvenna á þjóðþingum heimsins, með það í huga að reyna á kenningu Richard Matland um þá nauðsynlegu lánmarksuppyggingu sem þarf að vera fyrir staðar til þess að aðrir örvandi þættir sem hafa jákvæð áhrif á aukið umboð kvenna í stjórnmálum virki. Tekur hún saman upplýsingar um meira en 3000 þingkosningum úr 168 ríkjum og önnur viðeigandi gögn í þessari greiningu (Rosen 2013).

Grein Krook frá 2010 er í eðli sínu tvískipt. Í fyrsta lagi inniheldur hún yfirlitgreiningu (e. *meta-analysis*) á fyrri ritum, þar sem hún kemst að þeirri niðurstöðu að flokka helstu áhrifavalda á hlutföll kvenna kosin á þjóðþing í þrjá þætti: Kerfisbreytur (kosningakerfi, kynjakvótar), félags-hagfræðilegar breytur (efnahagsleg þróun ríkis) og menningarlegar breytur (staða og virðing kvenna, hugafar gagnvart konum í leiðtogastöðum). Í öðru lagi leggur greinin einnig fram tillögu eða skemu fyrir eigindlega samanburðargreiningu (e. *qualitative comparative analysis*) fyrir annars vegar á Vesturlöndum (þ.e. Evrópu og Bandaríkjunum) og hins vegar í þeim ríkjum sem liggja sunnan við Sahara-eyðimörkina á hlutföllum kvenna sem kosnar eru á þjóðþing þeirra. Tilgangur greinar hennar er ekki endilega að sanna eða afsanna áhrif ákveðinna þátta á hlutfall kvenna á þjóðþingi, heldur að koma fram með nothæf og breytileg skemu til þess að greina betur samvirkni áhrifavalda og í hvers konar ríkjum þeir eru áhrifamestir (Krook 2010).

Grein Þorgerðar Einarsdóttir og Guðbjörgu Lilju Hjartardóttir frá árinu 2009 svipar til fyrri hluta greinar Krook, að því leyti að hún er einnig eins konar yfirlitgreining á fyrri ritum um kynjaskekkju í stjórnmálum, bæði hvað varðar hlutverk þeirra í löggjafarvaldinu sem og í framkvæmdarvaldinu. Greinir hún einnig svipaða áhrifaþætti og Krook er varða hlutfall kosinna kvenna á þjóðþingum heimsins. Grein hennar er þó sérstaklega nytsamleg af því leyti að þó umfjöllunarefni hennar sé alþjóðlegt í umfangi, býr í greininni sérstakt, íslenskt sjónarhorn sem nýtist okkur bæði hvað varðar greiningu okkar í þessari ritgerð á alþjóðlega stöðu kvenna sem og sértæk skoðun á íslenska tilvikinu (Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir 2009).

Að lokum fjöllum við eilítið um ritgerð Wängnerud frá sama ári, en hún sameinar greiningu á rannsókn um hlutfall kvenna á þjóðþingum heimsins við aðra rannsókn Anne Phillips frá 1995 um áhrif þeirra á þingi út frá kenningum um viðurvistaráhrif kvenna á þingi (Wängnerud 2009).

Niðurstaða þessara greina eru meira eða minna á svipuðu reiki. Bæði stjórnmalastofnanabundnir þættir sem og félagshagfræðilegir þættir hafa áhrif á hlutfall kvenna sem þingmenn þjóðþings, en þessir þættir eru þó ekki einir um að hafa áhrif á ákvarðanir kjósenda. Aðrir þættir eins og t.d. eðlisfar flokkakerfi ríkis, innanflokkakynjakvótar og vild kjósenda til þess að velja ákveðin valkost á grundvelli kyns hafa þar einnig áhrif.

2.2 Stjórnmalastofnanabundnir þættir

Í þessum undirkafla verður fjallað um mögulega áhrifaþætti á hlutfall kosinna kvenna á þjóðþingum heimsins innan úr hinu pólitíska kerfi.

Áhrif kosningakerfis ríkis er e.t.v. sá áhrifavaldur á hlutfall kvenkyns þingmanna sem lengst er búið að skrifa um. Svo snemma sem 1955 tók Maurice Duverger eftir því að kosningakerfi ríkja geta haft áhrif á hlutfall kvenna á þjóðþingum. Ríki sem nýttu sér hlutfallskerfi (eins og til dæmis Ísland eða Noregur) voru líklegri til þess að hafa hærra hlutfall kvenna sem þingmanna en ríki sem notuðu meirihlutakerfi (eins og til dæmis Bretland eða Bandaríkin) (Duverger 1955). Ef til vill er það vegna áhrifa fyrri hugmynda um hvernig stjórnmalamenn eiga að vera og líta út sem leiðir kjósendur, bæði karl- og kven-kyns (en líklega frekar karlkyns) til þess að velja karlmenn í einmenningskjördæmum, körlum til hags. Ein rannsókn sem gerð var 1986 sýnir til dæmis fram á það að karlmenn eru líklegri til þess að mismuna kvenkyns frambjóðendum með atkvæði sínu heldur en konur, sérstaklega í valdameiri embættum (Sigelman o.fl., 1986, 240). Rannsókn Sigelman o.fl. benti til þess að kjósendur, og sérstaklega þá karlar, tengja saman karlmennsku og valdameiri embætti (til dæmis bandaríska forsetastólinn) og refsa því kvenkyns frambjóðendum í þau embætti frekar ef þær einkennast frekar af kvenlegri ímynd og telja þær því vanhæfari (Sigelman o.fl. 1986). Þó að einstök þingsæti séu oft ekki valdamikil á þjóðþingi, sérstaklega í stærri lýðræðisríkjum, gætu einmenningkjördæmi leitt kjósendur til þess að hugsa um sitjandi þingmann sem „sinn“ þingmann og metið hann þá eftir umræddum þáttum. Önnur rannsókn framkvæmd af Robert Johns og Mark Shephard bendir til þess að kjósendur séu líklegri til þess að ganga að vísu að frambjóðendum búa yfir ákveðum andstæðum eiginleikum. Þ.e. karlkyns frambjóðendur eru metnir sem að þeir búi yfir „styrk“ (e. *strength*) en kvenkyns frambjóðendur „hlýleika“ (e. *warmth*), þannig að frambjóðendur voru metnir út frá þeim eiginleikum sem kjósendur töldu að þeir væru ekki með. Í öðru lagi voru karlkyns kjósendur í rannsókn þeirra líklegri til þess að

forgangsraða val sitt eftir metnum styrk frambjóðandans frekar en konur og mátu karlkyns frambjóðendur sem sterkari heldur en kvenkyns frambjóðendur (Johns og Shephard 2007).

Ef hins vegar er kosið í ríki sem notar hlutfallskosningakerfi með fjölmanna-framboðslistum, þá er mögulegt að hægt sé að „koma konum fyrir“ á framboðslista flokksins, þar sem minni áhersla er lögð á einstaka frambjóðendur og kyn þeirra og meiri á skilaboð flokksins í heild. Smit frá smærri vinstriflokkum sem gera meira úr framboði kvenna gæti einnig hvatt hefðbundnari flokka í hlutfallskosningakerfi til þess að tefla fram fleiri kvenkyns frambjóðendum (Matland og Studlar 1996). Einnig væri hægt að snúa þessari hugleiðingu við. Þ.e. að í einmenningskjördæmum án forkosninga þar sem stjórnmalaflokkar, oft stjórnað af eldri körlum, velja frekar sjálfa sig eða aðra flokksmeðlimi líkum sér. Það leiðir því frekar til þess að karlmenn séu kosnir á þing frekar en konur. Velgengni kvenna í forkosningum fyrir miðtímabils-þingkosningum í Bandaríkjunum, þar sem 257 konur unnu forkosningar í kjördæmi sínu fyrir flokk sinn af 470 (Lu, Zernike 2018) miðað við dræmara kynjahlutfall frambjóðenda breskra stjórnmalaflokka í þingkosningum sem voru haldnar 2017 (einungis 30% (Lowther 2017)), bendir til þess að innviðir flokkana gætu haft mikil áhrif á hverjir fá yfirhöfuð að bjóða sig fram. Opnar forkosningar myndu þá auðvelda konum að komast inn í kjarnahóp stjórnmalaflokks heldur en t.d. ef frambjóðendur eru valdir af flokkunum sjálfum, eins og einkennist t.d. í Stóra-Bretlandi. Stærð kjördæma skiptir einnig máli, en erfiðara er fyrir konur að verða kjörnar í minni kjördæmum samkvæmt rannsókn Svans Kristjánssonar og Auðar Styrkárstöttir (Þorgerður Einarsstöttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir 2009, 12).

Tilgáta 1: Ríki sem nota hlutfallskosningakerfi í kosningum til þjóðþings eru með hærra hlutfall kvenna á þingi

Annar þáttur sem gæti haft áhrif á þessa þróun eru kynjakvótar en þeir geta verið útfærðir með nokkrum mismunandi aðferðum. Helstu útfærslurnar eru þá annað hvort tilskipanir í kosningalögum eða í stjórnarskránni. Eru kvótarnir þá oftast settir á þingið sjálft með frátekin sæti tileinkuð konum eða boð um ákveðið hlutfall kvenkyns frambjóðenda. Einnig geta verið valbundnir kynjakvótar settir af stjórnmalaflokkum sjálfum (Þorgerður Einarsstöttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir 2009, 13). Kynjakvótar leggjast betur að fjölmenniskjördæmum og þeir gætu skýrt betra gengi kvenna í hlutfallskerfum að hluta til.

Kynjakvótar hafa oft verið kallaðir „hraðferð til jafnréttis“ (Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir 2009, 13), þar sem ríki með dræmari aðild kvenna að löggjafarhlutverkinu geta tekið „styttri leið“ til þess að bæta aðgengi kvenna að ákvarðanatöku stjórnvalda. Eitt farsælasta dæmið um notkun slíkra kvóta er e.t.v. hið stríðshrjáða ríki Rúanda. Einungis 17.1% þingmanna í millibils-þinginu sem komið var á 1994 voru kvenkyns (Inter-Parliamentary Union 1997 en eftir róttækar breytingar í stjórnarskránni þar sem næstum því þriðjungur (24 af 80) sæta voru tekin frá fyrir kvenkyns frambjóðendur (Ghosh 2012) hefur hlutfall kvenkyns þingmanna hækkað upp í 60%. Ef til vill hefur þetta kerfi einnig haft jákvæð áhrif á sigurgetu kvenkyns frambjóðanda í almennum sætum, því hlutfall kvenna í almennum sætum eitt og sér (25 af 56 eða 44.64%) myndi skila því í 10. sæti á lista Alþjóðþingasambandsins í dag (IPU 2018).

Ekki er þó hægt að alhæfa þessi áhrif á hvert einasta ríki sem nýtir sér kynjakvóta, en stöðnun eða jafnvel afturför er í hlutföllum kvenna á ákveðnum þjóðþingum (Krook 2009, 40). Annað sem gæti dregið úr alþjóðlegu ágæti kynjakvóta í samanburði okkar er sú að þeir eru helst notaðir í þróunarlöndum og vanþróuðustu löndunum. Einungis þrjú aðildarríki í Efnahags- og framfarastofnuninni (e. *OECD*) notast við lögboðna kynjakvóta, þ.e. Pólland, Grikkland og Írland, en öll þessara ríkja eru einnig í neðri helming *OECD*-ríkjanna hvað varðar hlutdeild kvenna á þjóðþingum. Hins vegar eru 21 af 46 þeirra ríkja sem eru á lista Þróunarstofnunnar Sameinuðu Þjóðanna með einhvers konar lögboðna kynjakvóta. (Institute for Democracy and Electoral Assistance Gender Quotas Database). eru kynjakvótar almennt taldir vera „ósanngjarnir“ af vestrænum lýðræðisríkjum. Stangast þeir á gildi þeirra um geturæði (e. *meritocracy*) þar sem hinir hæfustu eru valdir til þess að sinna ákveðnum nauðsynjaverkefnum, eins og t.d. þingsetu. Þrátt fyrir mikla kynjaskiptingu í ákveðnum lýðræðisríkjum, eins og t.d. Bandaríkjunum og Japan, er staðan þar í landi talin vera „leyst“. Lýðræðið ræður og öll slík vandamál ættu frekar að vera leyst á kjörstaðnum (Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir 2009, 13).

Fræðimönnum greinir á um ágæti kynjakvóta. Rosen greinir frá því að tvær rannsóknir, rannsókn Andrew Reynolds frá 1999 og Paxton & Kunovich frá 2005, fundu engin marktæk tengsl á milli kynjakvóta og hlutfalls kvenna á þjóðþingum þeirra ríkja sem nýttu sér þá. En nýlegri rannsóknir gerðar á því tímabili þar sem flestir kynjakvótar voru teknir upp, gefa okkur ef til vill betri mynd af aðstæðum. Þó að rannsókn Hughes frá 2009 finni ekki marktæk tengsl

á milli lögboðna kynjakvóta og hlutfalls kvenna á þjóðþingum, sýnir rannsókn Tripp & Kang frá 2008 marktækt jákvætt sambandi milli kynjakvóta og hlutfalls kvenna á þjóðþingum þeirra ríkja sem nýta sér þá. Í þeirri rannsókn greina þau þó ekki á milli lögboðinna kynjakvóta eða sjálfráða aðgerðum stjórnmalaflokka. Rannsókn Krook frá 2010 bendir til þess að sterkara samband sé á milli kynjakvóta og hlutfalls kvenna á þjóðþingum þeirra ríkja sem liggja sunnan Sahara-eyðimerkurinnar -en í vestrænum ríkjum (Rosen 2013, 309).

Tilgáta 2: Lögboðnir kynjakvótar (annað hvort í stjórnarskrá eða í kosningalögum) hefur jákvæð áhrif á hlutfall kvenna á þjóðþingi.

Uppruna lýðræðis, að minnsta kosti eins og Vesturlandabúar þekkja það, má líklega helst greina í stjórnarhari grísku borgaríkjanna sem fyrirfannst nokkrum öldum fyrir Kristsburð. Er borgarríkið Aþena sú borg sem við tengjum helst við þessa hefð, þó að það sé líklegt að stjórnkerfið sjálft eigi uppruna sinn í annarri og minni borg. Ríkti þar sú áhersla að hver borgari ætti ekki einungis rétt til þess að skoðun hans um málefni hvers tíma væri virt, heldur væri það skylda hans að taka þátt í rekstri borgar og kjósa um lög hennar. Einn helsti munurinn á þessu kerfi og því sem við almennt þekkjum í lýðræðisríkjum nútímans er hvernig borgarinn og lýðurinn er skilgreindur. Þeir einu sem áttu kosningaréttinn í Aþenu til forna voru innfæddir karlmenn sem áttu eignir en öðrum íbúum, þar á meðal konum, var haldið utan við ákvarðanatökufarli borgarinnar (Held 2006).

Saga kosningaréttarins síðan þess má í stuttu máli lýsa sem stigvaxandi sigra þeirra réttindalausú gagnvart þeim valdameiri á sama tíma og hlutverk borgarans í rekstri ríkisins rýrnar. Í þeim baráttum, frá ítölsku lýðveldunum á miðöldum til enskra jafnaðarmanna (e. *levellers*) í kringum ensku borgarastyrjaldirnar frá 1642-51 og samfélagssáttmála Rousseau, eru konum þó eignað lítil sem engin áhrif, völd eða réttindi af fræðimönnum og stjórnmalaspekingum þeirra tíma. Undantekning á því er Mary Wollstonecraft. Hún tók undir þá staðhæfingu Rousseau að frelsi og jafnrétti óaðskiljanleg og samtvinnuð hugtök. Hins vegar var hún ósammála þeirri túlkun hans, forvera hans og samtímamanna að staður kvenna væri sem undirmenn og ómagar karla. (Grayling 2017, Held 2006).

Undir lok níttjándu aldar og gegnum tuttugustu öldina tókst konum að fá þann rétt að geta kosið og boðið sig fram í þingkosningum, á sama tíma og lýðræði, a.m.k. í orði, varð hið hefðbundna stjórnarlag ríkja heims. Í dag skiljum við lýðræði og lýðræðisgengi ekki einungis

út frá aðgengi almenningsins að kjörkössunum, þó að það sé líklega nauðsynlegt skilyrði fyrir það. Aðrar nauðsynlegar forsendur fyrir fyrirmyndarlýðræðissamfélagi eru m.a.

- vörn minnihluta og minnihlutahópa gagnvart harðstjórn meirihluta
- sterkt tjáningarfrelsi og frelsi fjölmiðla
- rétturinn til þess að skipuleggja pólitíska þrýstihópa og samkomur
- frjálst og óháð réttarkerfi og skilvirk stjórnvöld

Þessi réttindi, sem Íslendingar taka sem gefnum, hafa því miður gefið eftir á síðasta áratug (Freedom House Freedom in the World 2018), en hlutfall kvenna á þjóðþingum heimsins hefur hins vegar farið hækkandi á sama tíma. Því er augljóst að ekki sé endilega fullkomið samband á milli styrk lýðræðisins og getu kvenna til þess að gegna embætti þingmanns. Hins vegar er sterkt lýðræði líklega eitt besta tæki kvenna til þess að skipuleggja kröfur sínar, stofna þrýstihópa utan um eigin kröfur og fá aðgang að helstu kjörnum stjórn mála legra yfirvalda heimaríkis síns.

Tilgáta 3: Lýðræðisstyrkur ríkis hefur jákvæð áhrif á hlutfall kvenna á þjóðþingi

2.3 Félagshagfræðilegir þættir

Almennt séð eru tvö kenningarleg sjónarhorn um hvaða efnahagsþættir leiði til þess að konur taki meiri þátt í að móta stefnu samfélagsins. Í fyrsta lagi er sú skoðun að aukin efnahagsleg velsæld gefi fleiri konum meira sjálfstæði og tíma til þess að auka þátttöku sína á opinbera sviðinu. Annað hvort með því að fylgjast meira með málefnum og kjósa eða bjóða sig sjálfar fram til almenningsembætta (Krook 2010; Paxton og Kunovich 2003) Hin skoðunin er sú að tíma- og staðbundnar hremmingar knýi konur til þess að taka meira þátt í stjórn málum sem breytiafl gegn gömlu kerfi (Del Campo 2005). Ef til vill eru bæði viðhorfin gild og mátulegheit þeirra miðast við fyrrverandi efnahagsaðstæður og „tryggð“ lífsgæða. Ríki þar sem borgarar búa við fremur stöðuga lífsgæða- og stjórn mála- staðla en upplifa tímabundnar hremmingar (eins og t.d. fjármálakreppan 2008 á Íslandi) eru kannski líklegri til þess að sjá seinna viðhorfið að verki. Þrátt fyrir efnahagslæggðina upplifðu Íslendingar ekki almennt alvarlegan skort á matvælum né öryggi, sambærilegan við daglegt brauð borgara fátækustu ríkja Afríku. Á hinn bóginn hafði aukin efnahagsleg hagsæld Íslands á 20. öldinni fremur fátækleg áhrif á hlutfall kvenna sem þingmanna Alþingis. Þar til ársins 1983, þegar

Kvennaflokkurinn bauð fyrst fram í Alþingiskosningum, höfðu konur mest verið 5% þingmanna, en það hlutfall margfaldaðist síðan áratugina eftir það.

Tilgáta 4: Meiri velmegun hefur jákvæð áhrif á hlutfall kvenna á þjóðþingi.

Ef til vill er það ekki einungis styrkur efnahagsins, heldur einnig dreifing hans til almennings sem skiptir máli. Ef ríki lifir við miklar gnægðir, en getur illa komið ávöxtum þess til almenningsins, er möguleg afleiðing þess að lýðræði ríkisins þjáist. Til dæmis ef almenningur er ekki nógu vel menntaður til þess að geta tekið þátt í lýðræði landsins á marktækan hátt, eða hefur lítinn áhuga á því hvernig landið sé rekið. Því ættu ekki einungis auðlindir landsins að eiga sinn þátt í að koma einstaklingum í pólitískt hlutverk, heldur einnig menntun þeirra og ýmis lífsþægindi. Dæmi um það væri sterkt velferðarkerfi sem leiðir til betri lífslíkna og hærri ráðstöfunartekna.

Tilgáta 5: Hærri lífsgæði hafa jákvæð áhrif á hlutfall kvenna á þjóðþingi.

Einnig er mögulegt að ekki einungis magn lífsgæða skiptir máli, heldur einnig skipting þeirra á milli kynjanna. Þá skiptir helst máli aðgangur kvenna að þessum lífsgæðum í gegnum meiri menntun og betur launuð og háttsettari störf. Eitt sjónarhornið á þessu er rannsókn Oakes og Almquist frá 1993, sem komst að þeirri niðurstöðu að atvinnuþátttaka kvenna hafði forspágildi fyrir fjölda kvenna á þjóðþingum. Annað sjónarhorn kemur frá rannsókn Kenworthy og Malami frá 1999 sem benda á að hlutfall kvenna í hámenntuðum sérfræðisstörfum hefur betra forspágildi heldur en einungis atvinnuþátttaka kvenna, sérstaklega þar sem þingmenn almennt eru líklegri til þess að koma úr þess konar störfum frekar en verkavinnu sem krefst minni menntunar. Konur hafa verið líklegri til þess að vera mikill minnihluti þessara stétta (Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir 2009, 10). Annað sem gæti skipt máli er stærð og styrkur velferðarkerfisins og stuðningur við barnafjölskyldur, og sérstaklega við mæður.

Tilgáta 6: Hærri lífsgæði **kvenna** hafa áhrif á hlutfall kvenna á þjóðþingi

3 Aðferðafræði

Í þessari kafla munum við lýsa þá tölfræðirannsókn sem er miðpunktur þessarar ritgerðar, þar sem við notum einfaldar (þ.e. ósamsettar) breytur til þess að tákna þær tilgátur sem dregnar voru fram í fyrri kafla. Smíðaður verður tölfræðigagnagrunnur fyrir rannsóknina með viðeigandi gögnum og breytum, sem verður lýst í þessum kafla. Síðan framkvæmum við samanburðarrannsókn á milli þeirra ríkja heimsins sem kjósa lýðræðislega á þing, með kynskiptingu þingmanna sem fylgibreytu og frumbreytur sem við teljum vera viðeigandi staðgengla fyrir umræddar tilgátur.

3.1 Aðgerðabinding fyrir alþjóðlega samanburðarrannsókn

Hér verður fjallað um aðgerðabindingu þeirra tilgátna, sem settar voru fram í fyrri kafla. Til þess að minnka flækjustig verkefnisins, verður notast við einfaldar, þ.e. ósamsettar, breytur til þess að gegna staðgengilshlutverki fyrir þessar tilgátur.

Aðgerðabinding fylgibreytunnar, þ.e. vægi kvenna á þjóðþingum heimsins, verður framkvæmd með því að bera saman hlutföll kvenna á þjóðþingum heimsins. Í þessum samanburði munum við einungis notast við gögn um æðsta þing ríkis (þ.e. ekki stök ríkisþing). Ef þing ríkis er skipt í tvær þingdeildir, munum við einnig einungis notast við gögn um neðri deildina, þar sem ekki öll ríki kjósa lýðræðislega í efri deildina. Þessi aðgerðabinding ein og sér er þó ekki fullkomin til þess að vega og meta umsvif kvenna í stjórnámálum. Þessari breytu tekst illa að mæla áhrif kvenna á ýtaratriði lagasetningar, eins og forsætissetu í viðkomandi þingnefndum og almenn áhrif og leiðtogastöður þeirra innan þingflokka. Gögnin voru fengin úr gagnagrunni *Inter-Parliamentary Union* frá 1. október (Inter-Parliamentary Union 2018).

Aðgerðabinding áhrifa kosningakerfisins verður framkvæmd með því að mynda eina breytu með þremur mögulegum gildum; 0, 1 eða 0,5. Ríkjum heimsins verður síðan skipt í þrjá flokka: í fyrsta lagi munu ríki sem notast við hreint fulltrúakerfi (eins og t.d. Bandaríkin eða Stóra-Bretland) fá gildið 0, í öðru lagi munu ríki sem notast við hlutfallskerfi (eins og t.d. Ísland og Noregur) fá gildið 1 og loks munu ríki sem notast við blandað kerfi (eins og t.d. Þýskaland) fá gildið 0,5. Ríki sem t.d. nota beinar skipanir í löggjafarþing (eins og t.d. Sádi-Arabía) eru síðan hundsúð í þessari greiningu. Notast var við flokkun *Institute for Democracy and Electoral Assistance* á kosningakerfisfjölskyldu ríkjanna úr gagnagrunni *Quality of Government*-stofnunarinnar (Teorell o.fl. 2018, 383).

Aðgerðabinding áhrifa kynjakvóta verður framkvæmd með því að mynda eina breytu. Ríkjum heimsins verður síðan skipt upp eftir því hvort þau nota kynjakvóta við val þingmanna og frambjóðenda (þ.e. sæti frátekin fyrir konur) eða lagalegar tilskipanir um lágmarkshlutfall kvenna á framboðslistum. Ríkin sem nota einhverskonar kynjakvóta frá gildið 1 á meðan ríki sem ekki nota neins konar lögboðna kynjakvóta fá gildið 0. Notast var við flokkun *Institute for Democracy and Electoral Assistance* á notkun ríkja á kynjakvótum (*Institute for Democracy and Electoral Assistance Gender Quotas Database*).

Aðgerðabinding áhrifa styrk lýðræðis í ríki verður framkvæmd með því að mynda eina breytu byggða á þeirri heildareinkunn sem frjálsu félagasamtökin *Freedom House*, sem mæla styrk lýðræðis í ríkjum heimsins, gefa því. Möguleg gildi eru á bilinu 100 niður í 0 (*Freedom House Freedom in the World 2018*). Síryland er þar í sérflokki, þar sem *Freedom House* gefur þeim almennu einkunnina 2 af 100 og bætir síðan við þremur refsistigum, á grundvelli meintra þjóðarbrotahreinsanna ríkisvaldsins gegn óbreyttum borgurum landsins sem aðhyllast súnníta-trú. Það gefur landinu heildareinkunnina -1 (*Freedom House Syria*). Sú einkunn er ekki merki um gagnaskorts, heldur vanmáttugt lýðræði á tímum borgarastyrjaldar með forsögu í bardögum þjóðernisbrota. Notast er við gögn *Freedom House* frekar en *The Economist*, sem gerir sambærilega rannsókn, þar sem hluti af einkunnagjöf *The Economist* er bundinn við hlutfall kvenna á þjóðþingum sem einnig er fylgibreytan okkar.

Erfitt er að mæla velmegun eða gæði efnahags staks ríkis með einungis einni einfaldri breytu. Hefðbundið er að nota verga landsframleiðslu á höfðatölu (e. *Gross Domestic Product* eða *GDP per capita*) til þess að áætla þessa stærð með einungis einni mælieiningu, en sú nálgun hefur nokkra galla miðað við mælingu vergrar þjóðartekna (e. *Gross National Income* eða GNI). GDP á til dæmis erfitt með að meta sjálfstæðan efnahag svokallaðra skattaparadísa. Sem dæmi má nefna gríðarlegan aukningu vergrar landsframleiðslu á Írlandi árið 2015, eða um heil 26 prósent³. Með þetta í huga munum við í þessari ritgerð frekar nota verga þjóðartekjur (GNI) á höfðatölu miðað við alþjóðlegan dollar (til þess að samræma kaupmátt á milli ríkja) í þúsundum til þess að veita og meta hagkerfi ríkja heimsins. Notast var við gögn

³ Seinna kom í ljós að Apple og önnur stórfyrirtæki höfðu reynt að komast undan skatti í þeim ríkjum sem þau störfuðu með því að færa gróða sinn til Írlands, sem var þá með hagstæðara skattakerfi fyrir alþjóðleg fyrirtæki en gengur og gerist. Nefndi pistlahöfundurinn og nóbelsverðlaunahafinn Paul Krugmann þetta búálfa-hagfræði (e. *leprechaun economics*) og leiddi þetta til þess að írski seðlabankinn tók upp breytta útgáfu af vergum þjóðartekjum til þess að mæla írsku efnahaginn (Frank 2018)

Alþjóðabankans sem fengust úr gagnagrunni *Quality of Government*-stofnunarinnar (Teorell o.fl. 2018, 664).

Notast verður við vísitöluna um þróun lífsgæða (e. *HDI*) sem Þróunarstofnun Sameinuðu Þjóðanna gefur ríkjum heimsins til þess að meta lífsgæði ríkisins. Möguleg gildi eru brotatölur á bilinu milli 0 og 1 (United Nations Development Program Human Development Report 2016, 198-201).

Notast verður við öfuga (1->5, 2->4, o.s.frv.) flokkun ríkja á grundvelli vísitölu um kynjaða þróun lífsgæða (e. *GDI*) sem Þróunarstofnun Sameinuðu Þjóðanna gefur ríkjum heimsins til þess að mæla mun á lífsgæðum kynjanna. Mögulegar flokkanir eru á bilinu á milli 1 og 5, þar sem ríki í flokki 1 upplifa mjög mikinn mun en ríki í flokki 5 upplifa mjög lítinn eða engan mun (United Nations Development Program Human development report 2016, 224-228). Notast er við GDI-stuðulinn í staðinn fyrir Gender Inequality Index (GII), sem var hannaður til þess að koma í staðinn fyrir GDI-stuðulinn, þar sem hann er að hluta til reiknaður út frá hlutfalli kvenna á þjóðþingi sem er einnig fylgibreytan okkar.


Í töflu 1 hér fyrir neðan má sjá lýsandi tölfræði fyrir frumbreyturnar sem notaðar eru í greininni.

Tafla 1. Tölfræðilegi lýsing á frumbreytum.

Breyta	Fjöldi tilfella	Meðaltal	Staðalfrávik	Min.	Max.
Kosningakerfi	180	0.525	0.4585	0	1
Kynjakvótar	193	0.25	0.433	0	1
Lýðræðisstyrkur	193	59.47	29.953	-1	100
GNI	184	16.5233	18.11158	0.6	18.11158
HDI	186	0.6958	0.1553	.347	0.948
GDI	162	3.35	1.582	1	5

4 Samanburðarrannsókn

Í þessum kafla munum við taka tilgáturnar sem lagðar voru fram í 2. kafla og sannreyna sannleiksgildi þeirra, þ.e. möguleg áhrif þeirra á hlutfall kvenna sem þingmanna á þjóðþingum. Þetta gerum við með notkun á aðhvarfsgreiningu á sambandi frumbreytanna, sem byggðar eru á fyrrnefndum tilgátum, og fylgibreytunni með tölfræðiforritinu SPSS og fara yfir niðurstöðu *Ordinary Least Squares*-aðhvarfsgreiningu þess. Notast verður einnig við bókina *Discovering Statistics using IBM SPSS Statistics* eftir Andy Field til þess að auðvelda og staðfesta túlkun á niðurstöðum SPSS-forritsins. Við munum nota sex líkön til þess að rannsaka samband frumbreytanna og fylgibreytunnar, þar af þrjú til þess að skoða tölfræðilegan mun þróaðra ríkja og vanþróuðustu ríkin miðað við önnur ríki heimsins.



Mynd 1. Dreifing fylgibreytunnar.

Eins og sjá má hér í mynd 1, er dreifing fylgibreytunnar fremur langt frá því að vera normaldreifð. Þó eru tveir þriðju ríkja í heiminum með hlutfall kvenna á þjóðþingi sínu innan við einu staðalfrávikum (sem er hér 11,89%) frá meðaltalinu (þ.e. 21,78%), eða 129 af 194. Einnig sést að nokkur ríki eru meira en u.þ.b. tveimur staðalfrávikum yfir meðaltalinu, en hliðstæð ríki er ekki hægt að finna neðan fyrir meðaltalið, þar sem meðaltalið er minna en tveimur staðalfrávikum yfir núll-markinu. Þýðir þetta að dreifing fylgibreytunnar er með jákvæða skekkju.

Í töflu 2 hér fyrir neðan má sjá niðurbrot á þessum tölfræðilíkönum, en við munum lýsa þeim betur í viðeigandi undirköflum

Tafla 2. Niðurstöður aðhvarfsgreiningar eftir líkönum.

Frumbreytur	Líkan 1	Líkan 2	Líkan 3	Líkan 5	Líkan 6	Frumbreytur	Líkan 4
Kosningakerfi	9,2***	n/a	7,573**	6,072	2,937	OECD-aðild	9,293***
Kynjakvótar	,898	n/a	3,073	9,156*	-6,097	LDC-aðild	0,183
Lýðræðisstyrkur	,029	n/a	,053	-0,144	0,2		n/a
GNI	n/a	-0,048	,109	-2,684	0,240		n/a
HDI	n/a	7,109	-10,497	74,564	-44,338		n/a
GDI	n/a	1,485*	1,047	1,892	0,513		n/a
<i>n</i>	180	160	151	33	36	<i>n</i>	193
Skurðpunktur	15,365	13,578	16,725	-11,556	37,831	Skurðpunktur	20,007
Leiðrétt R^2	0,132	0,039	0,153	,215	0,006	Leiðrétt R^2	0,083
<i>F</i>	10,08	3,151	5,508	2,460	1,035	<i>F</i>	9,642

* $p < .05$, ** $p < .01$, *** $p < .001$, tvíhliða prófun.

4.1 Tölfræðileg greining á tilgátum

Í þessum undirkafla munum við greina samband frumbreytanna og fylgibreytunnar. Þetta gerum við með þrenns konar tölfræðilíkönum, tvö líkön fyrir annar hvorn undirflokk frumbreytna og síðan eitt heildarlíkan með öllum frumbreytunum í einu.

4.1.1 Áhrif stjórnmalastofnanabundna þátta

Í líkani 1 förum við yfir áhrif þeirra frumbreytna sem við flokkum undir stjórnmalastofnanabundna þætti (þ.e. kosningakerfi ríkis, upptaka kynjakvóta og styrk lýðræðis) á fylgibreytuna.

Leiðréttur R^2 -stuðull fyrir fyrsta líkanið er 0,132 (þ.e. frumbreyturnar okkar útskýra 13,2% af dreifingu fylgibreytunnar (Field 2013, 276)) og *f*-hlutfallið úr ANOVA-prófinu fyrir þessar breytur er 10,08, sem bendir til lágs *p*-gildis, langt fyrir ofan 95-prósenta mörkin. Þar af leiðandi er það mjög líklegt að heildarlíkanið sé marktækt sem útskýrandi fyrir dreifingu fylgibreytunnar að hluta til. Af þeim frumbreytum sem við mælum í þessari

aðhvarfsgreiningu, metur SPSS svo að einungis tegund kosningakerfisins hafi marktæk áhrif á hlutfall kvenna á þjóðþingum heimsins, en niðurstaða *t*-prófs fyrir þá breytu er vel fyrir ofan 95-prósenta markið. Stöðluð hallatala fyrir þá breytu er einnig fimmfalt hærri en fyrir næst-áhrifamestu breytuna, styrk lýðræðis. Óstöðluð hallatala þeirrar breytu sem mælir tegund

kosningakerfis er 9,2. Þannig að ríki sem notast við hlutfalls-kosningakerfi eru að meðaltali með 9,2 prósentustigum fleiri konur á þingi. Þessi niðurstaða er bæði samsvarandi við okkar eigin kenningar, sem og niðurstöðu Rosen (Rosen 2013, 313). Aðrar frumbreytur innan þessa líkans eins og notkun kynjakvóta, eru ekki tölfræðilega marktækar miðað við útreikninga SPSS. Þetta stangast á við niðurstöðu Rosen, sem mat það svo að kynjakvótar hefðu tölfræðilega marktæk áhrif á hlutfall kvenkyns þingmanna hjá þeim ríkjum sem nýttu sér þá (Rosen 2013, 313).

4.1.2 Áhrif félagshagfræðilega þátta

Í líkani 2 förum við yfir áhrif þeirra frumbreytna sem við flokkum undir félagshagfræðilega þætti (þ.e. vergar þjóðartekjur, lífsgæði og kynjafnaða dreifingu lífsgæða) á fylgibreytuna.

Leiðréttur R^2 -stuðull fyrir líkanið er 0,039 (þ.e. frumbreyturnar okkar útskýra 3,9% af dreifingu fylgibreytunnar) og f-hlutfallið úr ANOVA-prófinu fyrir þessar breytur er 3,151, sem bendir til p-gildis nálægt 95-prósenta markanna (í þessu tilviki yfir 97%). Þar af leiðandi er líklegt að heildarlíkanið sé útskýrandi fyrir dreifingu fylgibreytunnar að hluta til. Af þeim frumbreytum sem við mælum í þessari aðhvarfsgreiningu, metur SPSS svo að einungis jöfn dreifing lífsgæða milli kynjanna hafi marktæk áhrif á hlutfall kvenna á þjóðþingum heimsins. Niðurstaða t-prófs fyrir þá breytu er rétt fyrir ofan 95-prósenta mörkin. Óstöðluð hallatala þeirrar breytu er 1,485, þ.e. eftir því sem ríki hækkar sig um einn flokk í flokkun þróunarstofnun Sameinuðu Þjóðanna þá hækkar hlutfall kvenkyns þingmanna um 1,485 prósentustig.

4.1.3 Samanlagt líkan

Í líkani 3 sameinum við þætti líkana 1 og 2 og athugum hvort að niðurstöður fyrri líkana breytast vegna breytna úr hinum líkönunum.

Leiðréttur R^2 -stuðull fyrir líkanið er 0,153 (þ.e. frumbreyturnar okkar útskýra 15,3% af dreifingu fylgibreytunnar) og f-hlutfallið úr ANOVA-prófinu fyrir þessar breytur er 5,508, sem bendir til þess að p-gildið sé fremur lágt, langtum fyrir ofan 95-prósenta mörkin. Þar af leiðandi er það mjög líklegt að heildarlíkanið sé marktækt sem útskýrandi fyrir dreifingu fylgibreytunnar að hluta til. Af þeim frumbreytum sem við mælum í þessari aðhvarfsgreiningu, metur SPSS svo að einungis tegund kosningakerfisins hafi marktæk áhrif á hlutfall kvenna á þjóðþingum heimsins, en niðurstaða t-prófs fyrir þá breytu er vel ofan 95-prósenta markið. Í

Þessu líkani er óstöðluð hallatala þeirrar breytu 7,573, en það er eilítil lækkun úr hallatölu hennar í stjórnarfarslíkaninu (9,2, sjá líkan 1 í undirkafla 4.1.1). Annað athugavert við þetta líkan er það að breytan sem mælir dreifingu lífsgæða milli kynjanna er ekki lengur talin marktæk, þó að hún hafi reyndar næsthæstu stöðluðu hallatöluna.

4.2 Niðurbrot eftir þróunarstöðu ríkja

Í þessum undirkafla munum við greina þessi gögn út frá þróunarstöðu ríkjanna. Til þess að flokka ríki gróflega sem þróuð ríki og vanþróuðustu ríkin, munum við notast við tvær stýribreytur sem staðgengla. Annars vegar flokkum við þau eftir aðild að Efnahags- og framfarastofnunarinni (e. *OECD*) og hins vegar hvort þau séu hluti af lista Sameinuðu Þjóðanna yfir vanþróuðustu ríkin (e. *LDC*) með tilliti til tekna, mannauðs og efnahagslegs tjónnæmni þeirra. Önnur ríki sem ekki falla undir annan hvorn hópinn getum við flokkað í ákveðna millistétt. Þar má meðal annars finna fyrrum meðlimi Varsjábandalagsins og önnur ríki sem féllu undir áhrifasvæði Sovétríkjanna gömlu eða þá þau ríki sem eru með sambærileg lífsgæði en ekki nógu lýðræðislegt stjórnarfar (meðaltal lýðræðisstuðulsins í OECD-ríkjunum er um það bil 90, en einungis 52 í ríkjunum utan þess) eins og vel stæðari ríki í Mið-Austurlöndunum og Asíu.

Aðild að OECD virðist vera nothæfur staðgengill fyrir þróuð ríki, bæði hvernig við skiljum hugtakið í dag sem myndlíkingu fyrir þau ríki sem búa við mestu lífsgæðin, sem og í hinum upprunalegum skilningi, þ.e. Vesturblokkin í Kalda Stríðinu. Því allir nema fjórir meðlimir NATO (Búlgaría, Rúmenía, Albanía og Króatía) eru einnig meðlimir í OECD, þar á meðal allir meðlimir NATO við fall Berlínarmúrsins og við lok Kalda stríðsins. Lista yfir meðlimi stofnunarinnar fundum við á heimasíðu hennar (OECD Members and Partners).

Listi Sameinuðu Þjóðanna yfir vanþróuðustu ríkin er einnig nothæfur sem heimild fyrir þau (Þróunarstofnun Sameinuðu Þjóðanna 2017). Þegar við berum saman OECD-ríkin, LDC-ríkin og önnur ríki með tilliti til hlutfalls kvenna á þjóðþingum þeirra í líkani 4, sjáum við nokkrar áhugaverðar tölfræðilegar staðreyndir. Ríki í OECD-stofnuninni eru með að meðaltali 9,293 prósentustigum fleiri konur á þjóðþingi miðað við „millistéttarríkin“. Niðurstaða er einnig tölfræðilega marktæk. Þessi niðurstaða er sambærileg við niðurstöður Rosen (Rosen 2013,

316) , á meðan tölfræðilega ómarktækur munur er á ríkjum í síðari nefnda floknum og vanþróuðustu ríkjum.

4.2.1 Áhrif frumbreytna í vanþróuðustu ríkjum

Í líkani 5 förum við yfir áhrif fyrrnefnda frumbreytna innan vanþróuðustu ríkja heimsins.

Leiðréttur R^2 -stuðull fyrir líkanið er 0,215 (þ.e. frumbreyturnar okkar útskýra 21,5% af dreifingu fylgibreytunnar) og f-hlutfallið úr ANOVA-prófinu fyrir þessar breytur er 2,46, sem bendir til fremur háu p-gildis, rétt fyrir neðan 95-prósenta mörkin. Þar af leiðandi er það ekki líklegt að heildarlíkanið sé útskýrandi fyrir dreifingu fylgibreytunnar.

Ólíkt því líkani sem tekur til öll ríki heims, þá er notkun kynjakvóta eina breytan með marktæk áhrif á fylgibreytuna, en óstöðluð hallatala þeirrar breytu er einnig miklu hærri í þessu líkani, eða 9,156. Þetta er í samræmi við niðurstöður Rosen, en niðurstaða hennar er að kynjakvótar hafi sterkari áhrif innan vanþróuðustu ríkjanna. Aukin áhrif kynjakvóta sem helsta áhrifavald í hlutfalli kvenna sem þingmanna frekar en tegund kosningakerfis er einnig í samræmi við niðurstöður hennar (Rosen 2013, 314).

4.2.2 Áhrif frumbreytna í þróuðustu ríkjum

Í líkani 6 förum við yfir áhrif fyrrnefnda frumbreytna innan þróuðustu ríkja heims.

Leiðréttur R^2 -stuðull fyrir fyrsta líkanið er 0,006 (þ.e. frumbreyturnar okkar útskýra 0,6% af dreifingu fylgibreytunnar) og f-hlutfallið úr ANOVA-prófinu fyrir þessar breytur er 1,025, sem bendir til mjög hás p-gildis, langtum fyrir neðan 95-prósenta mörkin. Þar af leiðandi er það ekki líklegt að heildarlíkanið sé útskýrandi fyrir dreifingu fylgibreytunnar. Einnig er engin ein breytan með marktæk áhrif á fylgibreytuna.

5 Umræður

Lokaniðurstöður okkar úr þessari alþjóðasamanburðargreiningu er sú að af þeim sex tilgátum sem við byrjuðum með, reyndist einungis ein þeirra, gerð kosningakerfis, hafa tölfræðileg marktæk áhrif á fylgibreytuna, hlutfall kvenna sem þingmenn á þjóðþingum heimsins. Enginn af félagshagfræðilegu þáttunum reyndist hafa tölfræðileg áhrif innan heildarlíkansins, þó að jöfnun lífsgæða kynjanna reyndist hafa marktæk áhrif innan í þeirra líkani. Einnig reyndust 85% dreifingar fylgibreytunnar óútskýrð, miðað við líkan Rosen sem tókst að útskýra meira en 53% dreifingarinnar (Rosen 2013, 314). Þó ber að minnast á að Rosen notast við fleiri og flóknari frumbreytur sem liggja utan við umfjöllunarsvið þessarar ritgerðar. Þar á meðal ríkjandi trúarbrögð í hverju landi, hvort að Marxismi og/eða Lenínismi hafi mótað ríkið sem og flóknari og nákvæmari greiningu á félagshagfræðilegum þáttum. Önnur niðurstaða sem hægt er að draga úr þessum gögnum eru áhrif kynjakvóta innan vanþróuðustu ríkjanna. Mælanleg áhrif af þeim eru sterkust í þróunarríkjum en nær engin í þróuðu ríkjunum (þar sem þeir eru varla notaðir). Þetta er í samræmi við niðurstöður Rosen um dreifingu áhrifa þeirra (Rosen 2013, 314).

Þrátt fyrir að ekki sé tölfræðilegt samband á milli frumbreytnanna sem talin eru einkenna þróuðustu ríkin, þá eru þau samt sem áður með mikið forskot hvað varðar umboð kvenna á þingi, eða að meðaltali yfir níu prósentustigum yfir önnur ríki. Þetta bendir til þess að aðrir þættir sem einkenna þróuðu ríkin gætu haft möguleg áhrif á umboð kvenna á þjóðþingum heimsins. Menningarlegir þættir, eins og viðmót til kvenna og kvenréttinda sem og þátttaka kvenna í vinnuframlagi ríkis, sem reiknað er með í rannsókn Rosen, gætu ef til vill haft meiri áhrif á umboð kvenna á þjóðþingum heldur en þeir félagshagfræðilegir þættir sem miðað er við í þessari ritgerð.

Að mínu mati eru tveir gallar á þessari rannsókn. Í fyrsta lagi eru ef til vill ekki notast við nógu mörg mismunandi þing, ríki og kosningar. Einungis var notast við niðurstöður nýjustu kosninganna í hverju ríki. Gott er að minnast á að 30 þessara ríkja hafa ekki kosið í fjögur ár síðan þetta var ritað, þar á meðal Jemen, þar sem nýtt þing hefur ekki verið kosið síðan 2003. Þetta, til viðbótar við gagnaskort fyrir ákveðin ríki olli því að einungis 151 þjóðþing voru tekin með í reikninginn fyrir heildarlíkanið (líkan 3). Til samanburðar notaði Rosen gögn úr meira en 3000 kosningum og leppsbreitur fyrir gagnaskort. Notkun á niðurstöðum fleiri kosninga myndi líklega gefa okkur tölfræðilegra nákvæmari niðurstöður og þá líklega fleiri tölfræðilega

marktækari niðurstöður fyrir fleiri frumbreytur. Seinni gallinn á þessari rannsókn, sem að vissu leyti er hægt að leiða úr fyrri gallanum, er pörun nýjustu félagshagfræðilegra- og annarra gagna við eldri kosningar. Það gefur okkur e.t.v. skekkta niðurstöður, sérstaklega ef sitjandi þing er ekki endilega einkennandi (e. *representative*) fyrir núverandi birtingarmynd lands og þjóðar.

Ef eitthvað er hægt að draga úr þessari ritgerð, þá eru það ef til vill áhrif kosningakerfis á hlutfall kvenna á þjóðþingum heimsins. Þessi áhrif eru þó ekki sjálfkrafa, eins og má sjá í íslenska fordæminu, sem fjallað er um seinna í þessum kafla. Áhrif tegunda kosningakerfis virðist helst vera bundin við eflingu þess við aðrar kerfisbreytingar og umbyltingar í flokkakerfi ríkis. Meirihlutakerfi gæti reynst bindandi á getu kjósenda til róttækari breytinga á löggjafarþinginu og kerfinu öllu. Einnig heldur er þó ekki hægt að taka niðurstöðu greiningarinnar hvað varðar áhrif kynjakvóta sem bindandi. Í fyrsta lagi eru flest ríkin sem nýta sér lögbundna kynjakvóta fyrrverandi nýlendu-ríki og/eða ríki stofnuð á 20. öldinni. Má það áætla að kynjakvótar væru teknir þar upp í til þess að koma í veg fyrir stofnanabundinn kynjahalla áður en hann myndaðist. Eldri lýðræði hafa ekki fundist knúinn til slíkra aðgerða. Í öðru lagi er þetta einnig ákveðin síðanna (e. Tautology) og því eitt og sér ekki fullnægjandi, augljóslega munu ríki með kynjakvóta enda með fleiri konur á þing heldur en einmitt svipuð ríki án kynjakvóta. Í þriðja lagi má líta á kynjakvóta sem viðbragð ríkja við fátæklegum áhrifum kvenna á stjórn málin og eru þeir því frekar notaðir í þeim ríkjum sem hafa lítið hlutfall kvenkyns þingmanna til að byrja með. Því þyrftum við einnig að rannsaka hvernig konum gengur að komast í þingsæti sem ekki eru tekin frá fyrir þær. Það er eitthvað sem myndi reynast frekar erfitt að rannsaka sökum erfiðleika þess að einskorða orsakasamband úrslita og skýrandi þætti sömu kosninga með og án kynjakvóta. Ef til vill væri hægt að gera tilraun með þykjustu-þingkosningum, þar sem nokkrir tilraunahópar kjósa á „þing“, með þykjustu-frambjóðendum. Hegðun kjósenda yrði síðan borin saman á milli hópa og hvort að það sé munur á kosningahegðun kjósenda eftir því hvort að kynjakvótar, lögboðnir eður ei, séu til staðar.

Eins og minnst var fyrr á, var lítið úrtak í þessari rannsókn samanborið við samskonar rannsóknir. Þetta leiðir til þess að niðurstaðan gæti verið sveiflukennd og niðurstaða aðhvarfsgreiningar breyst á milli ára. Hlutfall kvenna getur hæglega sveiflast til og frá á milli ára eftir atburðum bæði heima fyrir sem og alþjóðlega, og sérstaklega þá í minni ríkjum með

færri þingmönnum. Sem dæmi má nefna að Ísland fór úr 4. sæti í það 22. á einu ári og eftir eina kosningu, þó að talnafækkun kvenkyns þingmanna hafi einungis verið sex.

5.1 Yfirlit um þróunina á Íslandi frá lýðveldisstofnun

Samkvæmt líkaninu úr fyrri kaflanum, ætti hlutfall kvenna sem íslenskir þingmenn að vera einungis 28,31%, tæplega 10% minna en raungildið okkar. Þó ber einnig að minnast á að það hlutfall er í sjálfu sér 10 prósentustiga minnkun frá undanfarandi þingi. Hvorki efnahagur, magn lífsgæða eða eftirvæntingar okkar um styrk og þol lýðræðis okkar höfðu breyst á marktækan hátt á því ári sem leið á milli kosninga. Því má af því leiða að mikil sveifla getur verið í dreifingu fylgibreytunnar milli kosninga, óháð þeim frumbreytum sem við rannsökuð í þessari ritgerð, jafnvel háð duttlungum flokka og kjósenda.

Fyrir í þessari ritgerð minnumst við á fyrsta kvenkyns þingmann Íslands, Ingibjörgu H. Bjarnason, en nú er tímabært að minnast eilítið á fyrsta kvenkyns ráðherra Íslands, Auði Auðuns. Tók hún við embætti dóms- og kirkjumálaráðherra 10. október 1970, en fyrrverandi ráðherra þess, Jóhann Hafsteinn, tók við embætti forsætisráðherra eftir sviplegt fráfall Bjarna Benediktssonar eldri. Ráðuneyti Jóhanns Hafsteins, og ráðherrasetta Auðar, entist þó ekki lengi en ríkisstjórn hans féll stuttu seinna í Alþingiskosningunum 1971 (Björg Einarsdóttir 2004, 64-69). Auður hætti þingsetu nokkrum árum síðar og liðu meira en 12 ár þar til að önnur kona, Ragnhildur Helgadóttir, tók við ráðherraembætti (Alþingi Kvenráðherrar).

Tafla 3. Yfirlit yfir Alþingiskosningar

Alþingiskosningar	Þingm.	Kv. Þingm.	Hlutfall	GNI, vísitala	GNI, vísitala, seinkuð um þrjú ár
30-06-46	52	1	1,92%	10,45	n/a
23-10-49	52	2	3,85%	10,81	10,45
28-06-53	52	0	0,00%	11,46	10,22
24-06-56	52	1	1,92%	14,14	11,46
28-06-59	52	1	1,92%	15,78	14,14
26-10-59	60	2	3,33%	15,78	14,14
09-06-63	60	1	1,67%	19,89	15,99
11-06-67	60	1	1,67%	25,67	22,35
13-06-71	60	3	5,00%	32,04	24,09
30-06-74	60	3	5,00%	38,49	32,04
25-06-78	60	3	5,00%	47,38	36,52

03-12-79	60	3	5,00%	48,09	39,82
23-04-83	60	9	15,00%	50,70	50,19
25-04-87	63	13	20,63%	65,04	52,44
20-04-91	63	15	23,81%	64,80	64,45
08-04-95	63	16	25,40%	65,10	62,76
08-05-99	63	22	34,92%	80,69	67,76
10-05-03	63	19	30,16%	89,31	83,25
12-05-07	63	20	31,75%	113,74	93,40
25-04-09	63	27	42,86%	88,03	103,87
27-04-13	63	25	39,68%	107,49	89,20
29-10-16	63	30	47,62%	135,42	107,49
28-10-17	63	24	38,10%	139,55	111,40

Upplýsingar fengust frá Hagstofu Íslands (Hagstofa Íslands Vergar Þjóðartekjur, vísitala; Hagstofa Íslands Þingmenn kjörnir í alþingiskosningum eftir kyni og meðalaldri 1874-2017).

Þessi frásögn bendir ef til vill til þess að þrátt fyrir að þó að konur hafi haft lengi aðgang að Alþingi og háum embættum í gegnum kosningarétt sinn, gátu þær ekki notfært sér rétt sinn til þess að nálgast þessi embætti fyrr en á níunda áratugnum. Bág staða þeirra innan um helstu stjórnmalaflokka Íslands gerði það að verkum að fáar konur sem á þingi fyrir 1983, eins og sjá má í töflu 3. Árið 1959 fóru Íslendingar úr blönduðu kosningakerfi, með mikinn fjölda ein- og tvímennings-kjördæma og uppbótarsæti og margmanna-kjördæmi fyrir og yfir í „hreint“ hlutfallskosningakerfi með 8 (síðar 6) kjördæmum með nokkur uppbóta-þingmannasæti (Stefanía Óskarsdóttir 2011, 232). Upptaka þess kerfis breytti þó litlu varðandi kjörgengi kvenna upp úr 1959, en þar til ársins 1983 fór fjöldi kvenkyns þingmanna á Alþingi aldrei yfir 3. Árið 1983 var því ákveðin kaflaskil í íslenskum stjórnmalum, þar sem fjöldi kvenkyns þingmanna skaust upp í 9. Ástæðuna fyrir þessari breytingu má líklega rekja samfélagsbreytinga á níunda áratug síðustu aldar. Viðhorf samfélagsins til kvenréttindahópa skipuðum einungis konum snarbreyttist og mætti líklega eigna Samtökunum um Kvinnalista þær breytingar (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 1997, 174-175) en það framboð fékk meira en fimm prósent atkvæða í frumraun sinni og þrjá þingkonur. Buðu þær sig þó fram í einungis þremur kjördæmum af átta (Reykjavík, Reykjanes og Norðurland eystra) og fengu þær nærri því 7.5% atkvæða í þeim kjördæmum (Hagstofa Íslands 1983, 27). Kosningaþátttaka kvenna minnkaði þó í þeim Alþingiskosningum miðað við fyrri kosningar, bæði Alþingiskosninga 1979 sem og forsetakosninga 1980 (Hagstofa Íslands 1983, 5). Þannig að kosningasigur Samtakanna

um Kvinnalistann einkenndist e.t.v. frekar á því að beina atkvæðum hefðbundinna vinstriflokka, sem báðir misstu fylgi í þessum kosningum, til sérstaks kvennaframboðs⁴. Upp úr þessum þingkosningum óx umboð kvenna á Alþingi ásmegin, og náði hátindi sínum 2016 þegar 30 af 63 þingmönnum voru kvenkyns.

Þó að samanburðarrannsókn fyrri kafla hafi ekki sýnt fram á samband milli efnislegra lífsgæða og hlutfalls kvenkyns þingmanna á þjóðþingum í alþjóðasamhengi nútíðarinnar, þá er annað uppi á teningnum þegar söguleg þróun efnahags Íslands er borin saman við sögulega þróun umboðs kvenna á Alþingi. Fylgnin (R) á milli hlutfalls kvenna á Alþingi og vísitölu vergrar þjóðartekna frá Lýðveldisstofnun⁵ er 0,937. Fylgni hækkar enn meira í 0,962 þegar úrslit Alþingiskosninga er borin saman við stöðu vísitölnunnar þremur árum fyrir kosningar (Hagstofa Íslands Vergar þjóðartekjur, vísitala; Hagstofa Íslands Þingmenn kjörnir í alþingiskosningum eftir kyni og meðalaldri 1874-2017). Eitt og sér bendir þetta þó ef til vill ekki til mikils. Það er gömul tugga, sem er þó enn gild, að samsvörun jafngildir ekki orsakasamhengi (e. *correlation does not imply causation*). Ef til vill hefði hlutfall kvenkyns þingmanna ekki hækkað á níunda áratugnum ef Samtökin um Kvinnalistann hefðu ekki boðið fram, en efnahagsþróun Íslands hefði þó líklega ekki breyst á neinn marktækan þátt. Þessi mögulegi hægagangur umboðspróunar kvenna á Alþingi myndi þá takmarka fylgnina milli þessara þátta. Einnig ber að geta þess að hlutfall kvenna á þingi óx t.d. eftir Fjármálahrunið 2008, en augljóslega var mikið lífsgæðatjón eftir það. Það bendir til þess að þetta sé ekki eins fullkomið samband og tölfræðin lætur þetta líta út. Hins vegar er þetta vísir að því að samband gæti verið á milli efnahagsþróunar og umboðspróunar kvenna í þróuðu ríkjum heimsins, sem hægt væri að athuga í annarri rannsókn.

⁴ Þess ber þó að minnast einnig á framboð Bandalag jafnaðarmanna, sem einnig buðu fram 1983 og unnu 7.3% atkvæða, en tveir af nýjum þingkonum þess þings komu úr þeim flokki.

⁵ Sem við notum hér til þess að mæla og staðla efnahagsvöxt Íslendinga síðan Lýðveldisstofnun.

6 Lokaorð

Niðurstaða rannsóknar minnar er sú að ákveðnir samfélagsþættir sem við tengjum við þróuð ríki. eins og efnahagsleg velmegun, gnægð lífsgæða og samkeppnisvænt lýðræði, skila sér ekki í auknu umboði kvenna á þjóðþingum þeirra. Hins vegar er samband á milli hlutfallskvenna á þjóðþingum heimaríkja þeirra og stöðu ríkis innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar, sem við teljum vera góðan vísi fyrir stöðu ríkis sem þróað. Því er augljóst að aðrir þættir einkennandi fyrir þróuð ríki hafi líklega sterkari áhrif á umboð kvenna á þjóðþingum. Aðrir þættir sem við mældum í þessari rannsókn höfðu frekari teljandi áhrif, eins og tegund kosningakerfis (þ.e. meirihlutakerfi gegn hlutfallskerfi) og tilvera lögboðinna kynjakvóta. Þessir þættir hafa þó ekki jöfn áhrif á ríkin sem við mældum og bárum saman, því áhrif kynjakvóta urðu mælanlega meiri innan vanþróuðustu ríkjanna. Þetta má líklega rekja til tiltölulega algengari útbreiðslu á notkun þeirra í þeim ríkjum, miðað við skort á notkun þeirra innan þróuðustu ríkjanna. Einnig minnkuðu áhrif tegundar kosningakerfis innan vanþróuðustu ríkjanna, en sá þáttur var þó sá eini sem við ályktuðum að væri eina frumbreytan með marktæk áhrif á hlutfall kvenna á þjóðþingum allra ríkja. Hins vegar, eins og við sáum við skoðun á Íslenska tilvikinu, þá er upptaka hlutfallskosningakerfis ekki sjálfvirkur ferill til þess að auka hlutskipti kvenna (og e.t.v. annarra minnihlutahópa) í ákvarðanatöku stjórnvalda. Ágæti hlutfallskosningakerfi virðist þá ekki einungis vera falið í því að meta atkvæði kjósenda frá ýmsum landshlutum á jafnari hátt heldur en í meirihlutakosningakerfi. Heldur einnig getu kerfisins til þess að betur auðvelda breytingar á hefðbundnum flokkakerfum og innanbúðarbreytingar á flokkunum sjálfum. Alvarlegur hnökri var þó á þessari rannsókn og forspágetu hennar að einungis var notast við gögn úr síðustu kosningum og þingsetu hvers ríkis og takmarkaði þá tölfræðilega marktækni niðurstaðna þessarar rannsóknar.

Síðan eftir þarsíðustu aldamótin hefur bæði hlutskipti og hlutverk kvenna í samfélagi nútíðarinnar vaxið ásmegin, og aukin viðvera þeirra í stjórnámálum nútímans er engin undantekning á því. Á því sviði mælist Ísland fremst meðal jafningja í nýlegri úttekt Alþjóða-efnahagsráðsins (World Economic Forum 2018, 10), bæði í heildarlíkani stofnunarinnar, sem og pólitískri valdeflingu íslenskra kvenna. Hins vegar eru völd innan stjórnkerfisins ekki endalega endapunktur baráttunnar. Í heimi þar sem stofnanir og fyrirtæki utan beinna áhrifa yfirvalda, leika sífellt stærra hlutverki í lífi okkar, er Ísland eftirbátur 15 annarra ríkja þegar kemur að valdaskiptum kynjanna á atvinnusviði landsins. Nokkur ríki sem við venjulega berum

okkur helst við, eins og Svíþjóð og Noregur, eru ofar en við á þessum lista. En einnig nokkur þróunarríki sem við venjulega ekki skilgreinum okkur út frá, eins og Alþýðulýðveldið Laos, Kamerún og Filippseyjarnar (World Economic Forum 2018, 13). Samkvæmt úttekt Kjarnans eru yfir 90% af æðstu stjórnendum íslenskra fyrirtækja karlkyns. Hlutfall kvenna sem stjórnendur í fyrirtækjum var 32,6 % í árslok 2017. Á þeim tíma höfðu lög um kynjakvóta varðandi stjórnun fyrirtækja verið í gildi í 4 ár og bendir þessi tala til þess að stór hluti fyrirtækja virði ekki þessar reglur án teljandi refsingar (Þórður Snær Júlíusson 2018).

Í dag geta konur almennt búist við betri réttindum og meiri virðingu en við lok nítjándu aldar. Þessir sigrar komu ekki einungis vegna gjafmildi ríkjandi stétta, heldur í gegnum baráttu þeirra við að sannfæra almenning um ágæti málstað síns. Þessi alþjóðlega barátta hefur skilað sér m.a. í bættri fyrirsvari þeirra á þjóðþingum heimsins. Niðurstaða þessarar ritgerðar er þó að ekkert samband sé á milli bæði efnahagslegrar velmegunar ríkisborgara né styrks lýðræðislegra réttinda þeirra og umboðs kvenna á þjóðþingum þeirra.

Heimildaskrá

- Alþingi. 2017. „Kvenráðherrar.“ Sótt 18. desember.
<https://www.althingi.is/thingmenn/althingismannatal/konur-a-althingi/radherrar/?timarod=1>.
- Björg Einarsdóttir. 2004. „Auður Auðuns.“ *Andvari* 129: 11-76.
- Del Campo, Esther. 2005. „Women and politics in Latin America: Perspectives and limits of the institutional aspects of women’s political representation.“ *Social Forces* 83 (4): 1697-1725
- Field, Andy. 2013. *Discovering Statistics Using IBM SPSS Statistics*. 4. útg. London: SAGE Publications
- Frank, Cole. 2018. „Tax Avoidance and the Irish Balance of Payments.“ *cfr.org*. 25. apríl. Sótt 20. nóvember 2018.
<https://www.cfr.org/blog/tax-avoidance-and-irish-balance-payments>.
- Freedom House. 2018a. „Freedom in the World 2018.“ *freedomhouse.org*. Sótt 27. nóvember 2018.
<https://freedomhouse.org/report/freedom-world/freedom-world-2018>.
- Freedom House. 2018b „Syria.“ *freedomhouse.org*. Sótt 27. nóvember 2018.
<https://freedomhouse.org/report/freedom-world/2018/syria>.
- Ghosh, Palash. 2012. „Rwanda: The Only Government in the World Dominated by Women.“ *ibtimes.com*. 3. janúar. Sótt 19. desember 2018.
<https://www.ibtimes.com/rwanda-only-government-world-dominated-women-213623>.
- Grayling, Anthony Clifford. 2017. *Democracy and Its Crisis*. London: Oneworld Publications
- Hagstofa Íslands. 1983. *Alþingiskosningar árið 1983*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Hagstofa Íslands. 2018a. „Vergar þjóðartekjur. vísitala.“ Síðast uppfært 7. desember 2018. Sótt 13. desember 2018.
http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Efnahagur/Efnahagur__thjodhagsreikningar__landsframraml__1_landsframleidsla/THJ01000.px/.
- Hagstofa Íslands. 2018b. „Þingmenn kjörnir í alþingiskosningum eftir kyni og meðalaldri 1874-2017.“ Síðast uppfært 20. desember 2017. Sótt 19. desember 2018.
http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__kosningar__althingi__althkjornir/KOSO2054.px/table/tableViewLayout1/?rxid=4b2786b7-f22b-4a2b-b0cf-d1b7b4951778.
- Held, David. 2006. *Models of Democracy*. 3. útg. Cambridge: Polity Press.
- Inter-Parliamentary Union. 1997. „Women in national parliaments.“ Síðast breytt 1. janúar 1997. Sótt 27. nóvember 2018.
<http://archive.ipu.org/wmn-e/classif.htm>.

- Inter-Parliamentary Union. 2018. „Women in national parliaments.“ Síðast breytt 1. október 2018. Sótt 27. nóvember 2018.
<http://archive.ipu.org/wmn-e/classif.htm>.
- Johns, Robert og Mark Shepard. 2007. „Gender. Candidate Image and Electoral Preference.“ *The British Journal of Politics & International Relations* 9: 434-460. doi: 10.1111/j.1467-856x.2006.00263.x
- Krook, Mona Lena. 2009. *Quotas For Women In Politics Gender And Candidate Selection Reform Worldwide*. Oxford: Oxford University Press.
- Krook, Mona Lena. 2010. „Women’s Representation in Parliament: A Qualitative Comparative Analysis.“ *Political Studies*. 58: 886-908. Sótt 23. september 2018. DOI: doi: 10.1111/j.1467-9248.2010.00833.x
- Landemore, Hélène. 2012. „Democratic Reason: The Mechanisms of Collective Intelligence in Politics.“ Í *Collective Wisdom: Principles and Mechanisms*. Ritstjórar Hélène Landemore og Jon Elster. 251-290. Cambridge: Cambridge University Press.
- Lowther, Ed. 2017. „Election 2017: How many women might win power?“ *bbc.com*. 18. maí. Sótt 21. nóvember 2018.
<https://www.bbc.com/news/election-2017-39949042>.
- Lu, Denise og Kate Zernike. 2018. „Women Have Won More Primaries Than Ever Before. Will They Set a Record in November?“ *nytimes.com*. 14. ágúst. Síðast uppfært 17. september. Sótt 21. nóvember 2018.
<https://www.nytimes.com/interactive/2018/09/14/us/women-primaries-house-senate-governor.html>.
- MacArthur, Brian. 2012. *The Penguin Book of Twentieth-Century Speeches*. 3. útg. London: Penguin Books
- Marx, Karl. 2009. *The Eighteenth Brumaire of Louis Napoleon*. Moskva: Dodo Press
- Matland, Richard E., og Donley T. Studlar. 1996. "The Contagion of Women Candidates in Single-Member District and Proportional Representation Electoral Systems: Canada and Norway." *The Journal of Politics* 58 (3): 707-33. doi:10.2307/2960439.
- OECD. 2018. „Members and partners.“ *oecd.org*. Sótt 4. desember 2018.
<https://www.oecd.org/about/membersandpartners/>.
- Paxton, Pamela og Sheri Kunovich. 2003. „Women’s political representation: The importance of ideology.“ *Social Forces* 82 (1): 87-113.
- Rosen, Jennifer. 2011. „The Effects of Political Institutions on Women’s Political Representation: A Comparative Analysis of 168 Countries from 1992 to 2010.“ *Political Research Quarterly*. 66(2): 306-321. Sótt 23. september 2018. DOI: 10.1177/1065912912449698

- Sameinuðu Þjóðirnar 2018. „LDCs At A Glance.“ *un.org*. Síðast uppfært mars 2018. Sótt 4. desember 2018.
<https://www.un.org/development/desa/dpad/least-developed-country-category/ldcs-at-a-glance.html>.
- Sigelman, Carol K., Lee Sigelman, Dan B. Thomas og Frederick D. Ribich. 1986. „Gender. Physical Attractiveness. and Electability: An Experimental Investigation of Voter Biases.“ *Journal of Applied Social Psychology*. 16(3). 229–248. doi:10.1111/j.1559-1816.1986.tb01137.x
- Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. 1997. *Doing and Becoming: Women's Movements and Women's Personhood in Iceland 1870-1990*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Stefanía Óskarsdóttir. 2011. „Þróun íslenska stjórnámálakerfisins.“ Í *Þingræði á Íslandi: Samtíð og Saga*. Ritstjórar Ragnhildur Helgadóttir, Helgi Skúli Kjartansson og Þorsteinn Magnússon. 229-258. Reykjavík. Forlagið.
- Teorell, Jan, Stefan Dahlberg, Sören Holmberg, Bo Rothstein, Natalia Alvarado Pachon og Richard Svensson. 2018. „The Quality of Government Standard Dataset.“ Síðast uppfært 18. janúar. Sótt 21. nóvember 2018. University of Gothenburg: The Quality of Government Institute.
<http://www.qog.pol.gu.se/data/datadownloads/qogstandarddata>
doi:10.18157/QoGStdJan18.
- The International Institute for Democracy and Electoral Assistance. 2017. „Global database on elections and democracy.“ *idea.int*. Sótt 27. nóvember 2018.
<https://www.idea.int/data-tools/data/electoral-system-design>.
- World Bank. 2016. *World development indicators*. The World Bank: Washington DC.
- World Economic Forum. 2018. *The Global Gender Gap Report 2018*. Genf: World Economic Forum.
- Wängnerud, Lena. 2009. „Women in Parliaments: Descriptive and Substantive Representation.“ *Annual Review of Political Science*. 12(2): 51-69. Sótt 23. september 2018. DOI: 10.1146/annurev.polisci.11.053106.123839
- Þórður Snær Júlíusson. 2018. „Konur að taka sér pláss.“ *kjarninn.is*. 21. nóvember. Sótt 21. nóvember 2018.
<https://kjarninn.is/skodun/2018-11-21-konur-ad-taka-ser-plass/>.
- Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir. 2009. „Kynjaskekkja í stjórnámálum: Breytingar og áhrifaþættir.“ *Stjórnámál og Stjórnsýsla*. 5(1): 5-25.
- Þróunarstofnun Sameinuðu Þjóðanna. 2017. *Human development report 2016*. Sótt 27. nóvember 2018. <http://hdr.undp.org/en/2016-report>.
19. Júní. 1922. „Landskosningin.“ 1. júlí. Ritstjóri Inga L. Lárusdóttir.